



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

23. apríl 2024

Mál nr. E-6026/2023:
Stefnandi: A
(Karl Georg Sigurbjörnsson lögmaður)

Stefndi: Íslenska ríkið
(Jónas Birgir Jónasson lögmaður)

Dómari: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. apríl 2024 í máli nr. E-6026/2023:

A

(Karl Georg Sigurbjörnsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Jónas Birgir Jónasson lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 2. apríl 2024, var höfðað gegn stefnda 4. október 2023.

Stefnandi er A, með lögheimili í Póllandi.

Stefndi er íslenska ríkið, Arnarhvoli í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. janúar 2021 til 25. desember 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda auk málskostnaðar. Til vara er þess krafist að málskostnaður verði látinn niður falla.

I

Mál þetta varðar ágreining málsaðila um bætur úr hendi stefnda vegna aðgerða lögreglu sem stefnandi sætti haustið 2021 í tengslum við rannsókn sakamáls.

Forsaga málsins er sú að rétt eftir miðnætti 26. ágúst 2021 voru B og C stöðvaðir af tollvörðum á Keflavíkurflugvelli við komuna til landsins frá Varsjá í Póllandi. Við tollskoðun kom í ljós að B hafði í fórum sínar 452 töflur af Oxycontin faldar í nærbuxum sínum og C hafði í fórum sínum 388 töflur af Oxycontin faldar í nærbuxum sínum. Skömmu áður en tollverðir höfðu afskipti af B og C, eða kl. 23:43 hinn 25. ágúst 2021, ók bifreið merkt skráningarnúmerinu [...] inn á bifreiðastæði flugstöðvarinnar við komusvæði.

Lögregla var kölluð til og handtók B og C og haldlagði lyfin. Voru þeir síðan færðir til yfirheyrslu. Í kjölfarið var þeim sleppt úr haldi. Lögregla fylgdi þeim þó eftir í því skyni að hafa uppi á ætluðum samverkamönnum þeirra. Við atvinnuhúsnæði í Keflavík fóru B og C inn í bifreið merкта skráningarnúmerinu [...]. Ágreiningslaust er að stefnandi ók þeirri bifreið. Lögregla fylgdi bifreiðinni eftir þar til henni var lagt við X og farþegarnir gengu inn í húsið. Samkvæmt gögnum málsins handtóku

lögreglumenn stefnanda og D, sem var húsráðandi að X, hinn 26. ágúst 2021 kl. 21:00. Í kjölfar handtöku voru þeir fluttir á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík þar sem þeir voru vistaðir í þágu rannsóknar málsins.

Fyrir liggur að skýrsla var tekin af stefnanda kl. 14:24 næsta dag, þ.e. 27. ágúst 2021. Samkvæmt lögregluskýrslu um framburð stefnanda var honum kynnt í upphafi skýrslutöku að hann væri talinn tengjast fyrrgreindum innflutningi fíkniefna. Neitaði hann sök. Haft er eftir honum að hann hafi komið til Íslands vegna fjármálaþrenginga. Kærasta stefnanda hafi verið ófrísk. D hafi boðið honum vinnu, en þeir hafi þekkt frá því að þeir voru skólabræður. Fram kemur að stefnandi hafi svarað því aðspurður um laun vegna starfsins að ekki hefði verið rætt um neinar upphæðir. Hann fengi þó alltaf hærri laun en í Póllandi. Staðfesti hann að D hefði greitt fyrir flugmiða sinn, en hann hefði komið til landsins 17. ágúst 2021. Aðspurður um hverjir fleiri byggju heima hjá D var haft eftir stefnanda að kunningi hans byggi þar líka sem ynni með þeim. Hann myndi þó ekki hvað hann hét. Nánar aðspurður neitaði hann að svara spurningunni. Stefnandi hefði verið beðinn um að sækja B og C, en þeir væru kunningjar hans. Þeir hefðu átt að gista heima hjá D rétt eins og stefnandi. Stefnandi myndi ekki nafn þess sem hefði farið með honum á bílnum að sækja þá. Stefnandi var spurður hvort stefnandi hefði flutt eitthvað inn fyrir D þegar hann kom sjálfur til landsins. Haft er eftir stefnanda að svo hafi ekki verið, en hann hafi sætt „skoðun“. Fram kemur loks í skýrslunni að stefnandi hafi heimilað lögreglu að afrita upplýsingar af síma sínum í þágu rannsóknar málsins.

Skýrslutöku lauk kl. 15:14 hinn 27. ágúst 2021. Stuttu síðar var stefnanda sleppt úr haldi, en áður var honum birt ákvörðun lögreglustjórans á Suðurnesjum á grundvelli d-liðar 1. mgr. 114. gr. laga nr. 80/2016 um að honum væri skylt að halda sig innan marka lögreglustöðvarinnar við Dalveg í Kópavogi í sex vikur, þ.e. frá 27. ágúst 2021 til 8. október 2021, og að á þeim tíma bæri honum að tilkynna sig þrisvar í viku á næstu lögreglustöð. Kæmi til þess að dvalarstaður stefnanda tæki breytingum bæri honum að upplýsa um það og áskildi lögreglustjóri sér þá rétt til þess að breyta framangreindum ráðstöfunum í samræmi við dvalarstað stefnanda. Kæmi til þess að stefnandi bryti gegn ákvörðuninni kynni hann að verða handtekinn og honum gert að sæta gæsluvarðhaldi, sbr. 115. gr. laga nr. 80/2016. Í ákvörðuninni var vísað til þess að lögregla hefði haft afskipti af stefnanda að X hinn 26. ágúst 2021. Hann hefði komið og sótt tvo aðila sem stöðvaðir hefðu verið í flugstöð Leifs Eiríkssonar með töluvert magn af Oxycontin-töflum. Stefnandi væri talinn eiga aðild að málinu og með vísan til gagna málsins teldi lögreglustjóri sig hafa rökstuddan grun um að stefnandi hefði gerst sekur um brot á 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem og lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni. Ekki er um það deilt í málinu að lögregla tók ferðaskilríki stefnanda af honum við birtingu ákvörðunarinnar.

Stefnanda var birt ný ákvörðun lögreglustjóra 7. október 2021 um að honum bæri að halda sig innan marka höfuðborgarsvæðisins í fjórar vikur, þ.e. frá 8. október 2021 til 5. nóvember 2021, og að á þeim tíma bæri honum að tilkynna sig þrisvar í viku á næstu lögreglustöð. Byggðist ákvörðunin á sömu röksemdum og fyrri ákvörðun lögreglustjóra.

Lögregla tók aftur skýrslu af stefnanda 14. október 2021. Samkvæmt lögregluskýrslu um framburð stefnanda neitaði hann að svara fjölmörgum spurningum lögreglu við það tækifæri, meðal annars um fullt nafn kærustu sinnar, við hvað hann hefði starfað í Póllandi, laun sem hann hefði fengið greidd í Póllandi, laun sem honum hefðu boðist á Íslandi, hver hefði greitt fyrir fyrri ferð hans til landsins tveimur árum áður eða hvað kunningi hans hétu sem svæfi í sömu stofu og hann að X. Stefnandi var spurður um fyrri framburð hjá lögreglu um fjármálaþrengingar. Um þetta er haft eftir stefnanda í skýrslunni að hann hafni því að hafa minnst á slík vandræði. Fram kemur að stefnandi hafi verið spurður hver hefði farið með honum að sækja B og C á lögreglustöðina umrætt sinn. Haft er eftir stefnanda að hann neiti að svara þeirri spurningu. Stefnandi var spurður út í fyrri framburð um að hann hefði sætt tollskoðun við komuna til landsins upp úr miðjum ágúst 2021, en lögregla lét þess getið að slíkar skoðanir væru skráðar og engin skráning væri fyrir hendi um að stefnandi hefði sætt slíkri skoðun. Haft er eftir stefnanda að hann hafi í reynd sætt slíkri skoðun, en kvenkyns tollvörður hafi rætt við hann.

Með tölvubréfi verjanda stefnanda til lögreglu 25. október 2021 var vísað til þess að við yfirheyrslu af stefnanda hefði komið fram að hann þyrfti frá 4. nóvember 2021 til 21. nóvember 2021 að vera í Póllandi vegna veikinda barns. Óskað væri leyfis lögreglu til utanfarar.

Í svari lögreglu til verjanda með tölvubréfi 2. nóvember 2021 var óskað eftir afriti af læknisvottorði þannig að unnt væri að taka afstöðu til erindisins. Ekkert liggur fyrir í málinu um að því tölvubréfi lögreglu hafi verið svarað.

Að rannsókn málsins lokinni var niðurstaðan sú að málið væri ekki nægilega líklegt til sakfellingar hvað varðaði þátt stefnanda og var honum tilkynnt um niðurfellingu málsins með vísan til 145. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála með bréfi, dags. 5. nóvember 2021.

B og C voru síðar sakfelldir fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni fyrir framangreindan innflutning með dómi Héraðsdóms Reykjaness 7. desember 2021 í máli nr. S-2243/2021.

Lögmaður stefnanda krafði stefnda um bætur í kjölfarið með bréfi, dags. 17. febrúar 2022, vegna handtöku og eftirfarandi frelsissviptingar stefnanda auk þeirra þvingunarráðstafana sem hefðu falist í fyrrgreindum tveimur ákvörðunum

lögreglustjóra gagnvart stefnanda á grundvelli d-liðar 1. mgr. 114. gr. laga nr. 80/2016. Ekki náðist samkomulag milli aðila og því hefur stefnandi höfðað mál þetta.

Engar skýrslutökur fóru fram við aðalmeðferð málsins.

II

Stefnandi byggir á því að hann hafi þurft að sæta ólögsmætum þvingunarúrræðum, þ.e. hann hafi verið handtekinn og frelsissviptur að tilefnislausu 26. ágúst 2021 og vistaður í fangageymslu og í kjölfarið látinn sæta farbanni frá 27. ágúst 2021 til 5. nóvember 2021, en hann hafi hvorki sýnt af sér háttsemi sem gæti talist refsiverð né átt aðild að slíkri háttsemi. Stefndi sé því bótaskyldur vegna hinna ólögsmætu aðgerða í garð stefnanda.

Um ólögsmæta handtöku hafi verið að ræða í skilningi laga þar sem ekki hafi legið fyrir rökstuddur grunur um að stefnandi hefði framið refsiverðan verknað þegar hann var handtekinn og frelsissviptur. Frelsissvipting og handtaka þurfi að grundvallast á skýrri lagaheimild. Skilyrðum 90. gr. laga nr. 88/2008 hafi aftur á móti ekki verið fullnægt, enda hafi atvik málsins ekki getað leitt til þess að rökstuddur grunur hefði verið um að stefnandi hefði framið brot sem gæti sætt ákæru eða að önnur skilyrði ákvæðisins hefðu verið uppfyllt. Lögregla hafi brotið gegn stjórnarskrárvörðum rétti stefnanda.

Þvingunarúrræði sem stefnandi hafi þurft að sæta, þ.e. beiting lögreglu á 114. gr. laga nr. 80/2016 þar sem stefnanda hafi verið gert að halda sig innan marka höfuðborgarsvæðisins og sæta tilkynningarskyldu, hafi verið ólögsmæt. Ákvörðun lögreglustjóra um takmarkanir á frelsi stefnanda hafi verið tekin á grundvelli 1. mgr. d-liðar 114. gr. laga nr. 80/2016, en slík úrræði heyri undir sömu skilyrði og farbann samkvæmt 1. mgr. 100. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 95. gr. sömu laga. Þvingunarúrræðið sem lögregla hafi beitt gagnvart stefnanda sé ígildi farbanns í skilningi 1. mgr., sbr. 3. mgr., 100. gr. laga nr. 88/2008.

Ekki hafi verið lögskilyrði fyrir því að ákvarða að stefnandi mætti einvörðungu dvelja innan marka höfuðborgarsvæðisins og sæta tilkynningarskyldu frá 27. ágúst 2021, og aftur þann 7. október 2021 til 5. nóvember 2021, þar sem ekki hafi legið fyrir rökstuddur grunur um að hann hefði framið afbrot. Stefnandi hafi í skýrslutöku 27. ágúst 2021 neitað sök og verið samstarfsfús við lögreglu að því leyti sem spurningar hennar hafi varðað aðild hans að málinu. Ekki hafi verið tilefni til að beita þvingunarúrræðum gagnvart stefnanda þar sem hin meinta aðkoma hans að innflutningi fíkniefna hafi verið engin. Stefnandi hafi einfaldlega verið beðinn um að sækja tvo einstaklinga á bíl og í kjölfarið verið handtekinn og gerður að sakborningi í málinu.

Hinn rökstuddi grunur um aðkomu stefnanda í málinu sé að því er virðist byggður á því að hann hafi flogið hingað til lands á vegum D 17. ágúst 2021. Engin

frekari gögn hafi legið fyrir í málinu um að stefnandi hefði með einhverjum hætti komið að skipulagningu eða verið aðili að innflutningnum sem átt hafi sér stað 26. ágúst 2021. Stefnandi hafi engu síður verið látinn sæta farbanni frá 27. ágúst 2021 til 5. nóvember 2021.

Ljóst sé að þvingunarúrræði teljist verulega íþyngjandi aðgerðir sem beri að beita af meðalhófi. Í ljósi málsatvika og samvinnufýsi stefnanda hafi ákvörðun lögreglustjóra verið í engu samræmi við meðalhófsreglu eða meinta aðkomu stefnanda og atvik máls að öðru leyti. Ákvörðun lögreglustjóra hafi verið ólögmæt í öndverðu, en verði talið að skilyrði hafi verið fyrir hendi til að beita 114. gr. laga nr. 80/2016 gegn stefnanda hafi lengd þvingunarúrræðisins verið úr hófi, enda hafi meintur þáttur stefnanda að málinu verið fullrannsakaður, eða átt að vera það, af hálfu lögreglu. Í þeim efnum hafi þá engu skipt tímalengd þvingunarráðstafana lögreglu samkvæmt ákvörðun, enda beri lögreglu stöðugt að endurskoða forsendur ráðstafana sem beitt sé vegna rannsóknar mála því að skerðing á frelsi borgaranna sé afdrifarík aðgerð sem ekki verði beitt nema brýn þörf sé á.

Einnig sé á því byggt að aðgerðir lögreglu hafi falið í sér ólögmæta meingerð gegn frelsi, friði, æru og persónu stefnanda í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnandi hafi orðið fyrir ólögmætri meingerð og verulegum miska vegna frelsissviptingarinnar og þeirra þvingunarúrræða sem hann þurfti að þola og vegna tilhæfulausra sakargifta með beitingu fyrrgreindra þvingunarúrræða á ólögmætum grundvelli hafi verið brotið gegn mannréttindum stefnanda. Stefnandi hafi verið sviptur frelsi sínu með ólögmætum hætti þar sem aðgerðir lögreglu hafi ekki uppfyllt áskilnað 90. gr. og 95. gr. laga nr. 88/2008 og staðið miklu lengur en efni stóðu til, en það brjóti í bága við almennt meðalhóf, sbr. 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. einnig 14. gr. lögregluglaga nr. 90/1996.

Með vísan til framangreinds byggi stefnandi á því að íslenska ríkið sé skaðabótaskyld vegna þeirrar frelsissviptingar sem stefnandi hafi orðið fyrir samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar, þ.e. almennu sakarreglunni og vinnuveitandaábyrgð stefnda á starfsmönnum sínum. Bótagrundvöllur krafna stefnanda byggist einnig á 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, 2. mgr. 246. gr. og 1. mgr. 248. gr. laga nr. 88/2008 og b-lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Fjárhæð miskabótanna beri að dæma að álitum með hliðsjón af dómaframkvæmd og atvikum máls og þeim þvingunarúrræðum sem beinst hafi að stefnanda og falið hafi í sér ólögmæta meingerð gegn frelsi, friði og persónu hans.

Bótakröfu sína sundurliði stefnandi með þeim hætti að dæma eigi 500.000 krónur fyrir handtökuna og fangavistun, 500.000 krónur sökum miska vegna ólögmætrar meingerðar og 1.500.000 krónur vegna farbanns í 71 dag. Með vísan til framangreinds sé þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.500.000

krónur, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 14. janúar 2021 til 25. desember 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

III

Stefndi byggir á því að því að í dómaframkvæmd hafi lögmæti þvingunaraðgerða lögreglu ekki verið talið skipta máli við mat á því hvort bótaskylda samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008 sé fyrir hendi. Þannig hafi það ekki verið talið skipta máli hvort lögmæt skilyrði hafi brostið til aðgerða sem hafi haft í för með sér tjón eða ekki hafi verið nægilegt tilefni til að grípa til þeirra eða þær farið fram á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Engu að síður byggir stefndi á því að þær aðgerðir sem gripið hafi verið til gagnvart stefnanda hafi verið í samræmi við heimildir laga nr. 88/2008 og lögreglulaga nr. 90/1996. Stefndi hafi legið undir rökstuddum grun um brot sem sætt gæti ákæru og hafi lagaskilyrði verið uppfyllt. Fullt tilefni hafi verið til handtöku og hafi framganga lögreglumanna verið í samræmi við lög og reglur. Með vísan til framangreinds sé ljóst að skilyrði fyrir handtöku stefnanda samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008 hafi verið fyrir hendi. Þannig hafi fullt tilefni verið til aðgerða lögreglu og þær hafi verið lögmætar.

Stefndi fallist á það að bótaskylda sé fyrir hendi í málinu vegna handtöku og vistunar í fangageymslu en telji dómkröfur allt of háar og í engu samræmi við dómaframkvæmd.

Varðandi ákvarðanir lögreglu um að stefnandi skyldi halda sig innan tiltekinna landfræðilegra marka sé á því byggt að fullt tilefni hafi verið til þeirra aðgerða. Stefndi hafi legið undir rökstuddum grun um að eiga aðild að ólögmætum innflutningi á fíknilyfjum en brot gegn lögum nr. 65/1974 varði allt að sex ára fangelsi og hafi skilyrði d-liðar 1. mgr. 114. gr. laga nr. 80/2016 því verið uppfyllt.

Stefndi hafi ætlað að sækja á flugvöll einstaklinga sem hafi verið sakfelldir fyrir að standa að innflutningi á ávana- og fíknilyfjum það sama kvöld. Eftir að þeir hafi verið handteknir á flugvöllinum hafi hann sótt þá á lögreglustöð og ekið þeim til dvalarstaðar síns þar sem þeir hafi ætlað að dvelja saman um ótilgreindan tíma.

Stefndi mótmæli því sem fram sé haldið í stefnu um að stefnandi hafi verið samstarfsfús við rannsókn málsins.

Skýringar sem stefnandi gaf lögreglu á því hvers vegna hann væri kominn til Íslands hafi verið afar ótrúverðugar. Stefndi hafi meðal annars haldið því fram við fyrri skýrslutöku að hann hefði komið til Íslands vegna fjármálaþrenginga og að húsráðandi að X hefði boðið honum vinnu við bílaþvott hér á landi. Þó hefði ekkert verið rætt um það hversu há laun stefnandi ætti að fá fyrir þá vinnu. Við síðari

skýrslutöku 15. október 2021 hafi stefnandi haldið því fram að hann hefði aldrei minnst á peningavandræði en væri kominn hingað til lands í því skyni að safna peningum.

Stefnandi hafi borið við fyrri skýrslutöku að hann hefði ætlað að sækja áðurnefnda B og C út á flugvöll en hefði svo sótt þá á lögreglustöðina í Keflavík að beiðni þeirra þar sem þeir væru kunningjar hans. Þá hafi stefnandi borið að húsráðandi að X sem væri gamall vinur stefnanda, hefði keypt fyrir hann farmiða til Íslands. Þar hefðu B og C átt að búa ásamt stefnanda, húsráðanda og öðrum manni sem þegar byggji með stefnanda en stefnandi vissi ekki hvað hétu.

Þá hafi stefnandi borið við skýrslutöku bæði í ágúst og október 2021 að hann hefði verið „skoðaður“ er hann kom til Íslands upp úr miðjum ágúst sama ár af tollgæslu. Engin gögn liggi fyrir um það og samkvæmt upplýsingum sem lögregla hafi aflað hjá tollgæslu liggi ekkert fyrir um afskipti tollvarða af stefnanda þann dag.

Þá hafi stefnandi neitað ítrekað að svara spurningum lögreglu og því gert lítið til að draga úr rökstuddum grun lögreglu.

Stefndi mótmæli því sem fram sé haldið í stefnu um að brotið hafi verið gegn ákvæðum stjórnarskrár, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og mannréttindasáttmála Evrópu við aðgerðir lögreglu. Þá sé því mótmælt að aðgerðirnar hafi verið ólögmetar og að lögregla hafi ekki gætt meðalhófs. Stefndi byggji á því að lögregla hafi farið í öllu að lögum og reglum og gætt meðalhófs í hvívetna.

Því sé mótmælt að stefnandi hafi verið í haldi lögreglu lengur en nauðsyn hafi borið til en honum hafi verið sleppt innan sólarhrings.

Hvað sérstaklega varði bætur á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008 hafi stefnandi verið handtekinn 26. ágúst 2021 og honum sleppt daginn eftir að lokinni skýrslutöku. Stefndi fallist á að stefnandi eigi rétt á bótum vegna handtökunnar á grundvelli hinnar hlutlægu bótareglu í 246. gr. laga nr. 88/2008.

Stefndi hafni því að 246. gr. laga nr. 88/2008 veiti stefnanda rétt til bóta vegna ákvarðana lögreglustjórans á Suðurnesjum samkvæmt 114. gr. laga nr. 80/2016. Í stefnu sé meðal annars á því byggt að framangreint úrræði sé ígildi farbanns í skilningi 1. mgr., sbr. 3. mgr., 100. gr. laga nr. 88/2008. Þá sé því beinlínis haldið fram í stefnu að stefnanda hafi verið gert að sæta farbanni. Stefndi mótmæli því að stefnandi hafi verið látinn sæta farbanni, enda beri ákvarðanir lögreglu það með sér að um hafi verið að ræða úrræði byggð á 114. gr. laga nr. 80/2016 sem fjalli um heimild til að skylda útlending til að sinna reglulegri tilkynningarskyldu um veru sína hér á landi eða dveljast á ákveðnum stað í tilteknum tilvikum.

Stefndi telji ljóst að farbann á grundvelli laga nr. 88/2008 og úrræði samkvæmt 1. mgr. 114. gr. laga nr. 80/2016 séu aðskilin þvingunarúrræði og um síðarnefnda úrræðið gildi ekki ákvæði laga nr. 88/2008 nema að því marki sem 114. gr. laganna kveði sérstaklega á um.

Ákvæði XIII. kafla laga nr. 80/2016 séu skýr um það að beiting þvingunarúrræða d-liðar 1. mgr. 114. gr. laganna veiti ekki rétt til bóta samkvæmt hlutlægum bótareglum 246. gr. laga nr. 88/2008.

Í stefnu sé því haldið fram að stefnandi eigi rétt á 2.500.000 krónum í bætur og þar af 500.000 krónum í bætur vegna handtöku og fangavistunar. Stefndi krefjist verulegrar lækkunar á dómkröfum, enda sé fjárhæð bótakröfunnar allt of há og í engu samræmi við dómaframkvæmd og rétt stefnanda til bóta samkvæmt lögum.

Stefndi hafi fallist á það að bótaskylda á grundvelli hinnar hlutlægu bótareglu 246. gr. laga nr. 88/2008 sé fyrir hendi vegna frelsissviptingar í máli þessu. Því telji stefndi það í raun óþarfa að svara því sérstaklega er fram komi í stefnu og varði meintan bótarétt á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að því er þann þátt málsins varðar.

Að því er varði meint farbann eða ígildi farbanns ítreki stefndi það að stefnanda hafi aldrei verið gert að sæta farbanni skv. 3. mgr. 100. gr. laga nr. 88/2008, heldur hafi lögregla beitt 1. mgr. 114. gr. laga nr. 80/2016 eins og gögn málsins beri með sér. Varðandi umfjöllun í stefnu um að aðgerðir lögreglu hafi ekki uppfyllt áskilnað 95. gr. laga nr. 88/2008 bendi stefndi á það að stefnandi sætti aldrei farbanni samkvæmt 3. mgr. 100. gr., sbr. 95. gr. laganna. Engu að síður telji stefndi að skilyrði 95. gr. laganna hafi verið uppfyllt.

Ákvörðun um beitingu úrræðisins hafi einkum byggst á því að stefnandi hafi verið handtekinn á dvalarstað sínum þangað sem áðurnefndir B og C hafi komið að lokinni yfirheyrslu hjá lögreglu. Þá hafi stefnandi játað að þekkja B og C og að hann hefði ætlað að sækja þá á flugvöllinn í Keflavík sama kvöld og þeir fluttu til landsins mikið magn af lyfinu Oxycontin. Rökstuddur grunur hafi verið fyrir hendi um að stefnandi ætti aðild að smygli á hættulegum fíknilyfjum. Því hafi lögreglu verið nauðsynlegt að tryggja nærveru stefnanda á meðan þáttur hans í málinu væri rannsakaður.

Stefndi mótmæli því að brotið hafi verið gegn meðalhöfsreglu en eins og gögn málsins beri með sér hafi stefnandi verið látinn laus úr haldi lögreglu innan við sólarhring eftir að hann var handtekinn grunaður um aðild að ólögumætum innflutningi á Oxycontin-töflum. Þá hafi mál stefnanda verið tekið til afgreiðslu ákærusviðs lögreglustjórans á Suðurnesjum strax að lokinni rannsókn og stefnanda tilkynnt með bréfi, dags. 5. nóvember 2021, um niðurfellingu málsins að því er hann varðaði. Því sé þannig einnig mótmælt að gildistími ákvarðana lögreglu samkvæmt 114. gr. laga nr. 80/2016 hafi verið úr hófi.

Að mati stefnda hafi lagaskilyrði fyrir öllum aðgerðum lögreglu í málinu verið uppfyllt og vísist meðal annars um það til fyrri umfjöllunar og gagna málsins. Þá hafi meðalhöfs verið gætt í öllu við framkvæmd aðgerðanna. Starfsmenn lögreglu hafi því í

engu sýnt af sér saknæma og ólögmeta háttsemi. Skilyrði til greiðslu miskabóta samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu þannig ekki uppfyllt í þessu máli. Með sömu rökum og greini hér að framan sé því mótmælt að aðgerðir lögreglu hafi brotið gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Varðandi umfjöllun í stefnu um að lögregla hafi hafnað ósk stefnanda um að fara af landi vegna veikinda barns hans í Póllandi bendi stefndi á að lögregla hafnaði ekki beiðni hans. Hið rétta sé að stefnandi svaraði ekki beiðni lögreglu um gögn sem staðfestu veikindi barnsins og þörf á viðveru hans í Póllandi. Ekki hafi komið til þess að lögregla tæki afstöðu til beiðninnar þar sem gögn skorti til þess.

Að lokum mótmæli stefndi vaxta- og dráttarvaxtakröfum stefnanda. Stefndi telji að dráttarvexti skuli, með hliðsjón af atvikum, miða við dómsuppsögu, sbr. lokamálslið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

IV

A

Bótakrafa stefnanda er í reynd tvíþætt. Annars vegar krefst hann miskabóta vegna handtöku og frelsissviptingar í kjölfar hennar, en af gögnum málsins verður ráðið að sú frelsissvipting stóð í rúmar 18 klukkustundir. Hins vegar krefst hann miskabóta vegna tveggja ákvarðana lögreglustjóra á grundvelli d-liðar 1. mgr. 114. gr. laga nr. 80/2016 um að gera stefnanda að dveljast á ákveðnum stað innan landsins og sinna reglulegri tilkynningarskyldu um veru sína hér á landi á lögreglustöð þrisvar í viku, en þetta fyrirkomulag var í gildi frá 27. ágúst 2021 til 5. nóvember sama ár, þ.e. í 71 dag.

B

Hvað varðar fyrri þátt dómkröfu stefnanda er ekki unnt að fallast á það með stefnanda að mat lögreglu á rökstuddum grun samkvæmt ákvæði 90. gr. laga nr. 88/2008 í aðdraganda handtöku stefnanda hafi verið óforsvaranlegt. Hvað sem því líður á hlutlæg bótaregla 3. mgr., sbr. 2. mgr., 246. gr. laga nr. 88/2008 hér við og verða stefnanda því dæmdar bætur vegna handtökunnar og eftirfarandi frelsissviptingar, enda mótmælir stefndi því ekki þótt ágreiningur standi um bótafjárhæð.

Stefnandi byggir ekki á því að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni en krefst miskabóta eins og honum er heimilt, sbr. 5. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Ekki getur þó komið til þess að miskabætur til stefnanda vegna þessarar aðgerðar lögreglu verði ákvarðaðar í tvennu lagi, eins og sundurliðuð kröfugerð stefnanda miðar við, en þar krefst hann 500.000 króna í miskabætur á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008 og til viðbótar 500.000 króna í miskabætur á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Verða stefnanda einungis dæmdar miskabætur á hlutlægum grundvelli

samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008 og þykja þær í ljósi atvika og að virtri dómaframkvæmd hæfilega ákveðnar 250.000 krónur.

C

Hvað varðar ákvörðun lögreglustjóra í tvígang um að gera stefnanda að dveljast á ákveðnum stað innan landsins og sinna reglulegri tilkynningarskyldu um veru sína hér á landi á lögreglustöð þrisvar í viku þá byggðist hún á d-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 80/2016. Samkvæmt því ákvæði er lögreglustjóra heimilt að skylda útlending til að sinna reglulegri tilkynningarskyldu um veru sína hér á landi eða dveljast á ákveðnum stað í tilvikum þar sem útlendingurinn hefur hlotið dóm fyrir afbrot sem varðar meira en sex mánaða fangelsisvist eða rökstuddur grunur liggur fyrir um slíkt afbrot.

Samkvæmt 3. mgr. 114. gr. sömu laga á útlendingur rétt á að fá skorið úr því fyrir dómstólum hvort skilyrði fyrir ákvörðun samkvæmt 1. mgr. séu fyrir hendi og hvort grundvöllur sé fyrir því að framfylgja ákvörðuninni. Við þær aðstæður gilda reglur XV. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála um málsmeðferðina. Þessi heimild til að bera ákvörðun lögreglustjóra undir dómara tengist 1. málslíð 3. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar, en þar kemur fram að engum verði meinað að hverfa úr landi nema með ákvörðun dómara.

Í c-lið 1. mgr. 115. gr. laga nr. 80/2016 er veitt heimild til að handtaka útlending og færa í gæsluvarðhald ef hann hefur ekki sinnt kröfu um tilkynningarskyldu eða skyldu til dvalar á ákveðnum stað samkvæmt 114. gr. og mál hans er enn til meðferðar hjá stjórnvöldum.

Framangreind ákvæði laga nr. 80/2016 er að finna í XIII. kafla laganna, en yfirskrift hans er „Þvingunar- og rannsóknarúrræði“. Í upphafi þess kafla er í 108. gr. fjallað almennt um rannsókn og rannsóknarúrræði. Í 2. mgr. 108. gr. segir að um rannsóknarúrræði samkvæmt kaflanum fari eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála.

D

Ákvörðun lögreglustjóra í tvígang í máli stefnanda átti sér viðhlítandi lagastoð og þykir lengd beitingar úrræðisins ekki hafa verið úr hófi að teknu tilliti til atvika málsins, þar á meðal viðfangsefnis rannsóknarinnar. Ekki er unnt að fallast á það með stefnanda að mat lögreglu á rökstuddum grun samkvæmt ákvæði 90. gr. laga nr. 88/2008 í tengslum við aðgerðirnar hafi verið óforsvaranlegt. Þá ber að hafna því að skilyrði 95. gr. sömu laga hafi þurft að vera uppfyllt, sbr. nánari umfjöllun dómsins hér á eftir um farbann.

Verður bótaábyrgð stefnda því ekki reist á sakargrundvelli, sbr. tilvísun stefnanda til b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem og tilvísanir stefnanda til ákvæða stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Hvað varðar

málatilbúnað stefnanda um að hann hafi þurft að fara úr landi vegna veikis barns er ljóst af gögnum málsins að lögregla neitaði ekki að taka tillit til aðstæðna stefnanda heldur óskaði eftir afriti af læknisvottorði þannig að unnt væri að taka afstöðu til erindisins. Að mati dómsins var sú beiðni lögreglu málefnaleg. Stefnandi hefur engin gögn lagt fram um að hann hafi orðið við þessari beiðni lögreglu og byggir raunar ekki á því að svo hafi verið. Þá hefur hann engin gögn lagt fyrir dóminn um veikindi barnsins. Telst málatilbúnaður stefnanda að þessu leyti ósannaður og haldlaus.

Stefnandi byggir á því að hann hafi verið beittur farbanni, sbr. 100. gr. laga nr. 88/2008. Fallist dómurinn á þann málatilbúnað stefnanda hefði það í för með sér að hlutlæg bótaregla 3. mgr., sbr. 2. mgr., 246. gr. laga nr. 88/2008 ætti hér við, en stefndi mótmælir því alfarið að um farbann hafi verið að ræða.

Um farbann fer eftir ákvæðum 100. gr. laga nr. 88/2008, en samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins getur dómari í stað gæsluvarðhalds með úrskurði bannað sakborningi brottför af landinu ellegar lagt fyrir hann að halda sig á ákveðnum stað eða innan ákveðins svæðis, enda séu uppfyllt skilyrði 1. eða 2. mgr. 95. gr. sömu laga. Slíkar ráðstafanir mega samkvæmt 2. mgr. 100. gr. ekki vara lengur en þörf krefur og ber þeim sem krafist hefur gæsluvarðhalds eða ráðstöfunar að aflétta henni jafnskjótt og hennar er ekki lengur þörf. Samkvæmt 3. mgr. 100. gr. sömu laga getur lögregla lagt fyrir sakborning sem sætir farbanni eða annarri ráðstöfun samkvæmt 1. mgr. að tilkynna henni um verustað sinn eða gefa sig fram við hana á ákveðnum tímum. Lögregla getur enn fremur lagt fyrir sakborning sem sætir farbanni að afhenda henni vegabréf sitt og önnur ferðaskilríki til varðveislu.

Fallast ber á það með stefnda að hér hafi ekki verið um að ræða farbann í skilningi 100. gr. laga nr. 88/2008, enda fór málsmeðferð við ákvarðanir lögreglustjóra í máli stefnanda eftir öðrum lagagrundvelli, þ.e. lögum nr. 80/2016. Eftir stendur það álitafni hvort virða beri það þvingunarúrræði sem lögregla beitti stefnanda á umræddu tímabili sem ígildi farbanns við mat á bótaskyldu stefnda, rétt eins og stefnandi byggir á til vara, þ.e. þannig að rétt sé að beita hlutlægri bótareglu 246. gr. laga nr. 88/2008 með löggjöfnun í máli stefnanda. Þeim málatilbúnaði stefnanda hafnar stefndi, sem fyrr segir, og vísaði lögmaður stefnda einkum til þess við málflutning að farbann lyti öðrum lagagrundvelli og annarri málsmeðferð en gildi um þær ákvarðanir sem lögreglustjóri hefði tekið í máli stefnanda.

Ákvæði 114. gr. laga nr. 80/2016 er að finna í XIII. kafla laganna, en yfirskrift hans er „Þvingunar- og rannsóknarúrræði“. Í 2. mgr. 108. gr. sömu laga segir, eins og þegar er rakið, að um rannsóknarúrræði samkvæmt kaflanum fari eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála. Lög nr. 80/2016 eru aftur á móti þögul um hugsanlegan bótarétt þeirra sem sætt hafa þvingunar- eða rannsóknarúrræðum samkvæmt þeim. Kemur þá til skoðunar hvort það þýði að bótagrundvöllur verði einungis reistur á almennum reglum

skaðabótaréttarins um bótaábyrgð hins opinbera eða hvort rýmri bótaréttur geti verið fyrir hendi í einhverjum tilvikum, svo sem um það þvingunarúrræði sem felst í d-lið 1. mgr. 114. gr. laganna.

Ekki er um það deilt í málinu að á grundvelli ákvarðana lögreglustjóra voru ferðaskilríki stefnanda tekin af honum og var honum gert að dvelja hér á landi og tilkynna sig þrisvar í viku til lögreglu á umræddu tímabili, sem varði eins og áður segir í 71 dag. Þegar er rakið að unnt er að úrskurða erlendan einstakling, sem fullnægir ekki tilkynningarskyldu sinni eftir ákvörðun lögreglustjóra á grundvelli 114. gr. laga nr. 80/2016, í gæsluvarðhald samkvæmt c-lið 1. mgr. 115. gr. sömu laga, sbr. til hliðsjónar úrskurð Landsréttar 30. nóvember 2021 í máli nr. 723/2021.

Að mati dómsins má slá því föstu að íþyngjandi ákvarðanir lögreglustjóra í máli stefnanda hafi haft sömu áhrif á stefnanda og úrskurður dómara um farbann hefði haft, þ.e. að stefnandi hafi þurft að þola sama inngríp í ferðafrelsi sitt og einstaklingur sem sætir farbanni, sbr. einnig 1. málslíð 3. mgr. 66. gr. stjórnarskrárinnar, sem vikið er að hér að framan. Þá voru ákvarðanir lögreglustjóra beinlínis rökstuddar með vísan til þess að rökstuddur grunur væri fyrir hendi um refsiverða háttsemi stefnanda. Hafði hann þar með stöðu sakbornings við rannsókn sakamáls, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 88/2008. Þá var síðari ákvörðun lögreglustjóra gagnvart stefnanda ekki framlengd þar sem fyrir lá sérstök ákvörðun lögreglu um að fella niður rannsókn sakamálsins gagnvart stefnanda, sbr. áður nefnt bréf lögreglu til stefnanda, dags. 5. nóvember 2021.

Af því sem að framan greinir verður ráðið að lögregla hefði allt eins getað farið þá leið í upphafi rannsóknar að krefjast þess að stefnandi yrði úrskurðaður í farbann. Mörg dæmi eru um að erlendum einstaklingum hafi með dómsúrskurði verið gert að sæta farbanni í tengslum við rannsókn sakamáls, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 30. nóvember 2017 í máli nr. 746/2017.

Að mati dómsins má öldungis jafna saman áhrifum og markmiði þeirrar þvingunaraðgerðar annars vegar sem felst í d-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 80/2016 og beitt verður gagnvart erlendum einstaklingi við rannsókn sakamáls og hins vegar þeirrar þvingunaraðgerðar sem felst í farbanni, til dæmis gagnvart erlendum einstaklingi, við rannsókn sakamála samkvæmt 100. gr. laga nr. 88/2008.

Enda þótt almennt verði að fara varlega við að beita lögjöfnun frá 246. gr. laga nr. 88/2008 þar sem um sérákvæði um bótagrundvöll er að ræða, er það mat dómsins að þar sem ekki er skýrlega mælt fyrir um það af hálfu löggjafans að þessi öldungis sambærilegu tilvik skuli lúta mismunandi reglum um bótaábyrgð þá standi rök til þess að sömu bótareglur eigi hér við. Við þessar aðstæður telur dómurinn því nærtækast að beita ákvæði 246. gr. laga nr. 88/2008 með lögjöfnun um þetta tilvik þar sem stefnandi var sannarlega sem sakborningur beittur þvingunarúrræði í tengslum við rannsókn sakamáls. Jafnræðisregla 65. gr. stjórnarskrárinnar rennir auk þess frekari stoðum undir

þá niðurstöðu. Ella gæti það eitt hvort lögregla kysi að nota heimild d-liðar 1. mgr. 114. gr. laga nr. 80/2016 við rannsókn sakamáls eða að setja fram kröfu um farbann leitt til þess að erlendir sakborningar í sambærilegri stöðu nytu gjörólíks bótaréttar vegna öldungis sambærilegra þvingunaraðgerða lögreglu sem þeir hefðu sætt. Vega framangreind sjónarmið þyngra að mati dómsins en sú röksemd stefnda að ákvarðanirnar séu ekki byggðar á sama lagagrundvelli og lúti ekki sömu málsmeðferð.

Í samræmi við þessa niðurstöðu verður skilyrðum 246. gr. laga nr. 88/2008 beitt við mat á bótaskyldu stefnda vegna þeirrar þvingunarráðstöfunar sem stefnandi var beittur á grundvelli d-liðar 1. mgr. 114. gr. laga nr. 80/2016 og varði, eins og áður greinir, samtals í 71 dag. Stefnandi krefst miskabóta að fjárhæð 1.500.000 krónur vegna þessara ráðstafana. Stefndi mótmælir fjárhæð bótakröfu stefnanda og hefur meðal annars byggt á því í málinu að stefnandi hafi veitt ótrúverðugar skýringar í skýrslutöku hjá lögreglu en auk þess hafi gætt misræmis á milli svara hans við fyrri og síðari skýrslutökuna. Þá hafi hann veitt rangar upplýsingar í þá átt að hann hefði sjálfur sætt tollskoðun við komuna til landsins upp úr miðjum ágúst 2021, sem ekki fái staðist. Loks hafi hann neitað að svara spurningum hjá lögreglu.

Að mati dómsins er ekki unnt að líta svo á að stefnandi hafi með því að neyta ótvíræðs réttar samkvæmt 2. mgr. 64. gr. laga nr. 88/2008 til að svara ekki spurningum lögreglu valdið eða stuðlað að aðgerðum gegn sér, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar 30. október 2020 í máli nr. 404/2019. Aftur á móti ber að líta svo á að stefnandi hafi að vissu leyti stuðlað að ákvörðunum lögreglustjóra, þ.e. annars vegar með röngum upplýsingum um að hann hefði sætt tollskoðun, en staðhæfingum um það atriði í greinargerð stefnda var ekki mótmælt af lögmanni stefnanda við málflutning, og hins vegar með misræmi sem birtist í svörum stefnanda milli fyrri og síðari skýrslutöku hjá lögreglu. Verða miskabætur til stefnanda vegna umræddrar þvingunaraðgerðar lækkaðar vegna þessa og þykja í ljósi atvika hæfilega metnar 300.000 krónur.

Stefnandi krefst þess að bótakrafa hans beri vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 14. janúar 2021 til 25. desember 2021, en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnanda. Tjón stefnanda að fjárhæð 550.000 krónur (250.000 + 300.000) vegna sakamálsins sem fellt var niður lá fyrir 5. nóvember 2021. Ber krafa stefnanda því vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi fram til 17. mars 2022, en þá var liðinn mánuður frá því að lögmaður stefnanda sendi stefnda bótakröfu með bréfi, dags. 17. febrúar 2022. Í samræmi við 9. gr. laga nr. 38/2001 ber krafan því dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga allt frá 17. mars 2022 til greiðsludags.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 3. janúar 2023, og eru því ekki efni til að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar. Verður málskostnaður því felldur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði,

þar með talin þóknun lögmanns hans sem þykir hæfilega ákveðin 1.150.000 krónur, án tillits til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Karl Georg Sigurbjörnsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Jónas Birgir Jónasson lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 550.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. nóvember 2021 til 17. mars 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Karls Georgs Sigurbjörnssonar, sem þykir hæfilega ákveðin 1.150.000 krónur.